

51. fundur stjórnar Skálholts,  
haldinn í Skálholtsskóla fimmtudaginn 21. janúar 2010 kl. 13:00.

Mætt voru: Sigurður Sigurðarson, Jóhann E. Björnsson, Kristján Björnsson, Kristinn Ólason og Hólmfríður Ingólfssdóttir.

Sigurður setti fund.

1. Fundargerðir síðasta fundar. Samþykkt.

2. Fjármál.

Rætt um framlög kirkjunnar til Skálholts fyrir 2010. Endanlega niðurstaða liggur ekki fyrir en ljóst að niðurskurður verður í samræmi við það sem áður hefur komið fram eða ekki undir 10%.

Samþykkt hefur verið framlag úr Kynningar-fræðslu –og útgáfusjóði kirkjunnar kr. 300.000, vegna sýningarinnar „Endurreisn Skálholts“

Umræður um rekstur og bráðabirgða niðurstöðutölur ársins 2009 og drög að áætlun vegna reksturs og viðhalds fasteigna 2010.

3. Þjónustuhús.

Lagt fram tilboð frá Lofti Magnússyni um byggingu bráðabirgða þjónustuhúss.

Stjórnin samþykk því að ráðist verði í þær framkvæmdir.

Rektor og framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi við Loft.

Í framhaldinu þarf að huga að nýtingu þessarar nýju aðstöðu, þ.e. sýningarhald ofl.

Ekki ætlunin að leggja í mikinn kostnað við uppsetningu á sýningu í upphafi.

Staðurinn á ýmsa áhugaverða grip, sem vert er að hafa til sýnis.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.14:50

Hólmfríður Ingólfssdóttir